

Nd.

530. Tillaga

til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla.

Frá meiri hluta kenstumálanefndarinnar.

Framsögumaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta sem fyrst endurskoða og bæta reglugerð hins almenna mentaskóla, en gera tafarlaust þá breytingu, að fella burt efra aldurstakmarkið, sem nefnt er í 18. gr. í bráðabirgðareglugerð fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík, 9. septbr. 1904, og slíkt hið sama neðra aldurstakmarkið um viðtöku í lærdómsdeildina, og enn að breyta nú þegar 12. gr. svo, að nemendur utan skólans megi ganga undir öll próf skólans.

Enn skorar deildin á stjórnina að koma á samræmi um námstíma og aldurstakmark milli hins almenna mentaskóla og gagnfræðaskólans á Akureyri.